

Húsin okkar 1840-1940 Hólanessvæðið.



MENNINGARFÉLAGIÐ SPÁKONUARFUR

Dagný Marín Sigmarsdóttir.

Sigrún Lárusdóttir.



Árneshús, Berndsenhús, Hólanes

Byggingarár: 1899¹ Talið byggt um 1900 – 1910 í manntali 1939.² Stendur enn, elsta hús á Skagaströnd. Byggt af Fritz Hendrik Berndsen.

Staðsetning: Stendur á Hólanesi, austan við Bjarmanes.



Lýsing 1939: Timburhús, 1. hæð án kjallara. 5 herbergi: 2 svefnh., eldavélahús og búr. Timburveggir³. Húsið er án þæginda (rafm, vatns, wc).⁴

Ábúendur: 1907- 1927 Fritz Hendrik Berndsen og kona hans Jónína Berndsen.

Ábúendur: 1911-1912 Fritz yngri Berndsen og kona hans Regina Berndsen.

Ábúendur : 1928-1931 Jónína Berndsen.⁵

Eigandi: 1932 Carl Berndsen.⁶

Ábúendur 1935- Árni Kristófersson, k. Guðrún Teitsdóttir ljósmóðir.d.1978⁷

Annað: Sveitarfélagið Skagaströnd keypti húsið 2007. Húsið hefur nú verið gert upp í sem upprunalegustu mynd. Verkið hófst árið 2008 og var unnið eftir tillögum Jons Nordsteien arkitekts. Byggingarmeistari við endurgerðina var Helgi Gunnarsson, trésmíðameistari á Skagaströnd. Húsið var formlega vígt eftir endurbætur 29. júní 2009. Sjálft húsið er 34 ferm. að stærð og viðbygging (bíslag) 7,4 ferm, samtals 41.4 ferm.

¹ Fasteignaskrá Íslands.

² Manntal 1939.

³ Brunabótamat 1932

⁴ Ættir Austur-Húnvetninga, bls. 305.

⁵ Sóknarmanntal Höskuldsstaðasókn, 1907-1931

⁶ Brunabótamat 1932

⁷ Bændur og búendur, Húnavaka 1979, bls. 159 og Sóknarmanntal, Höskuldsstaðasókn 1935-1940



Ásbyrgi, Ásberg

Byggingarár: um 1919¹
húsið stóð áður í
Kálfshamarsvík.

Byggt af : Fritz Magnússyni²

Húsið rífið 1/12 1993³

Staðsetning: Stóð á nesinu
milli Sólbakka og
Breiðabliks, vestan við
Hnappstaðatún.

Lýsing 1932: Torfbær með þilstafni og þilhlið, ein hæð og ris, 0,7 m portloft skipt í íbúðarstofu þiljaða, eldavélarhús m. steingólfi og gangi. Timburskúr við inngang. Við enda hússins torfkofi uppreftur, geymsla.⁴

Ábúendur:	1920-1927	Fritz Magnússon, kona hans Karla Helgadóttir og María Berndsen móðir Fritz
Ábúendur:	1927-1928	Ingibjörg Björnsdóttir og Gísli Stefánsson vinnumaður
Ábúendur:	1928-1931	Sigurður Sölvason og kona hans Ragnheiður Árnadóttir
Ábúendur:	1931-1932	1) Einar Pétursson húsm, Hólmfríður Hjartard. ráðskona, 2) Bjarni Sveinsson húsm, Kristín Rögnvaldsdóttir, ráðskona.
Ábúendur:	1932-1934	Jón Klemensson, kona hans Guðrún Sigurðardóttir
Ábúendur:	1934-	Fritz Magnússon, kona hans Karla Helgadóttir. ⁵

¹ Manntal 1939

² Munnmæli Knútur Berndsen.

³ Fasteignamat Skagastrandar

⁴ Brunabótamat 1932 bls. 26

⁵ Sóknarmanntal Höskuldst.pr. 1920-1940

Bjarmanes, Gamli skólinn, Hreppshús

Byggingarár: 1912, byggt af verslunarfélagi Vindhælinga, og var fyrsta steinhúsið í bænum. Kostaði húsið uppkomið 4.600 kr.¹ Húsið stendur enn og var endurgert í upprunalegri mynd árið 2004. **Staðsetning:** Á Hólanesinu sunnan við Straumnes og vestan við Árnes.



Lýsing 1913: ár 1913 hinn 24. dag. nóv. var hreppstjóri Vindhælishrepps staddur í húsi Verslunarfél. Vindhælinga, ásamt bóndanum Ólafi Björnssyni á Árbakka, til þess samkv. fyrirskipun sýslum. Húnavatnssýslu, að virða til húsaskatt steinhús verslunarfélagsins. Hús þetta er 18 ál. á lengd 12 ál. á br.

innan veggja með steinsteypuveggjum frá grunni og uppúr. Þykkt vegga á kjallara eða neðri hæð er 12 þuml. á þeirri efri 10 þuml. Hæð kjallara frá gólfi undir bilta 3 ál. Á efri hæð, er hæðin frá gólfi -sem er úr 1 ¼“ borðum plægðum- undir loftbita 4 ál. og frá loftbita í mænir 1 ½ al. Á neðri hæð eru 7 járngluggar, stærð 21x36 fml. Á efri hæð eru 4 gluggar á hverri hlið 50x45 fml. Á suðurstafti eru 2 gl. af sömu stærð, en á norður stafti 1 gl. að stærð 50x68 fml. Bitar yfir neðri hæð eru 10 gildleiki þeirra 7x4 ½ þuml. yfir efri hæð jafnmargir biltar 6x4 og 10 sperrur yfir 4x4“. Þakið er lagt með 4/5“ þykkum borðum óplægðum, þar yfir er tjörupappi og yst galv. bárujárn. Á neðsta gólfi er steinsteypuveggur eftir lengd hússins og miðju. Engin skilrúm eru á austurhelmingnum en í vesturhluta er þver steinsteypur veggur. Þessi þverveggur myndar 5 ál. langt herbergi af lengd hússins og er þar múpípa upp úr húsinu. Til suðurs úr þessu herbergi eru dyr fram í steinsteypuskúr með útidyrum til vesturs. Á vestur hlið neðri hæðar eru einnig útidyr í norðurenda. Á efri hæð er húsinu skipt til helminga þvert yfir með tvöföldu timburþili og tjörupappa á milli. Þá er sölubúð í norðvestur helmingi hússins 9+8 ál. með einum útidyrum til vesturs og steinsteypum palli framan undir. Suður af búðinni eru 2 herbergi þiljuð til suðurstaftans. Í austurhelmingi eru 4 herbergi þiljuð. En milli herbergjanna í suðurenda er gangur frá sölubúð til útidyra og er þar skúr framaf með breiðum steintröppum til suðurs. Hús þetta virðum við nú á krónur 4400.²

Lýsing 1932: Steinhús 2 hæðir [1 hæð og kjallari] Kjallara skipt með steinvegg eftir endilöngu húsi. Vesturhluta skipt í 3 hluta, m. steinvegg og þili. Í Suðvesturhorni eldhús m. steinveggjum. Lofti [eftir hæð] skipt í 7 herb. öll þiljuð, þak úr timbri járnklætt. Tveir reykháfar.³ Sem kennsluhúsnæði var húsinu skipt í tvær kennslustofur, hol, skrifstofu skólastjóra og snyrtingar.⁴

¹ Byggðin undir Borginni bls.120

² Virðing til húsaskatts 1913

³ Brunabótamat 1932 bls. 27

⁴ Samantekt vegna vígslu endurbyggingar Bjarmaness 19. Júní 2004

Bjarmanes framh.

Annað: Á aðalfundi hjá Verslunarfélagi Vindhælinga þann 25. febrúar 1912 var samþykkt að láta byggja á vori komandi verslunarhús úr steinsteypu 18 x 12 álnir, ein hæð og kjallara. Yfirmsiður var ráðinn Ólafur Reykdal, smiður frá Sauðárkróki. Húsið var byggt um sumarið og innréttað um veturinn og þegar tekið til notkunar sem verslunarhús.¹

Húsið hófst verslun Verslunarfélagsins til ársins 1921. Skólahald hófst í húsinu með lestrarprófi þann 4. Janúar 1922. Vindhælishreppur hafði þá keypt húsnæðið og fengið til þess styrk frá fræðslumálastjórn að upphæð 3.400 krónur.² Var svo kennt í húsinu allar götur til haustsins 1958 er skólinn flutti í nýtt húsnæði. En húsið var notað til fleira brúks en kennslu á árunum 1922-1958. Eins og t.d. allskonar félagsstarfssemi, s.b. fundahald m.a. hreppsnefndarfundir og sveitarþing, dansleikir haldnir og leikhúsverk flutt. Niðri í kjallara voru m.a. kenndar smíðar, þar var líka lítil íbúð og á tímabili reiðhjólaverkstæði.³ Stofnfundur Ungmennafélagsins Fram var haldinn í húsinu þann 17. október 1926⁴

Árið 1981 keypti Höfðahreppur húsið og hóf endurbætur á því um 2002. Það var svo 19. júní 2004 sem endurbyggingu hússins var formlega lokið. Arkitekt að endurbyggingu var Jon Nordsteien, byggingameistari Helgi Gunnarsson.⁵

Ábúendur:	1930- 1931	Ole Omundsen ,sjómaður,
Ábúendur:	1931- 1939	Ole Omundsen, sjómaður og bústýra Margrét Jóhannesdóttir
Ábúendur:	1930- 1934	Jónatan Guðmundsson, húsmáður
Ábúendur	1931- 1935	Vilhelm Nílsen
Ábúendur	1932- 1933	Einar Pétursson, Hólmfríður Hjartardóttir bústýra
Ábúendur	1933- 1935	Guðrún Sigurðardóttir, ekkja. Anna Sölvadóttir vk.
Ábúendur	1934- 1935	Einar Pétursson Sjómaður
Ábúendur	1935- 1940	Indriði Björnsson, K. Ingunn Gísladóttir
Ábúendur	1935- 1936	Hólmfríður Hjartardóttir
Ábúendur:	1939- 1940	Björn Fossdal, Guðrún Sigurðardóttir, Jóninna Jónsdóttir
Ábúendur:	1940	a) Elín Guðmundsd., húsf. Þormóður Óskarsson, sjómaður, Jakob Þór, sjómaður, b) Ragnar Guðmundsson , Guðlaug Einarsdóttir, Sigurjón Jóhannsson c) Guðrún Sigurðardóttir, Árni Svanb. Jónsson, Jóninna Jónsdóttir , hjá dóttur. d) María Jóhannesdóttir, húsk. Barnaskólinn [efri hæð] Páll Jónsson,kennari,Sigríður Guðnad. ⁶

¹ Húnavaka 1987 bls.43

² Byggðin undir Borginni bls. 150-151

³ Samantekt vegna vígslu endurbyggingar Bjarmaness 19. Júní 2004

⁴ Byggðin undir Borginni bls. 120

⁵ Samantekt vegna vígslu endurbyggingar Bjarmaness 19. Júní 2004

⁶ Sóknarmanntöl Höskuldst.pr.1930-1940



Rósa Pálsdóttir og Bjarni Jóhannsson um 1970 fyrir framan Bjarg veggir úr hlöðnu grjóti á 2 vegu, ísett með sementssteypu. Skilrúm úr timbri. Notað fyrir geymslu fjós og hlöðu. Fyrir útidyrum er lítill timburskúr.²

Bjarg

Byggingarár: 1929-1934¹

Staðsetning: á nesinu norðan við Breiðablik,

Lýsing 1932: Bær með steinsteypum veggjum á þrjá vegu. Þilstafn í suðurenda, þak borðsúð, pappalagt og járnklætt. 3 herbergi með þilveggjum steingólf í eldhúsi annars alþiljað og timburgólf. Áfast bænum er hús skipt í þrennt,

Ábúendur :	1932-	Eig. Davíð Guðmundsson, K. 1 Þórdís Hansdóttir, K.2 Guðrún Kristmundsdóttir ^{3,4,5}
Ábúendur	1938-	Ragnar Þorsteinsson, kennari K, Jónína Sigurlaug Stefánsd. ^{6,7}
Ábúendur:	án árt.-	Bjarni Jóhannsson,d. 1971,k. Rósa Pálsdóttir ⁸

¹ Manntal 1939

² Brunabótamat 1937 bls. 55

³ Ættir A- Húnvetninga bls. 222

⁴ Brunabótamat 1934 bls. 44

⁵ Sóknarmanntal Höskuldst.pr. 1935

⁶ Sóknarmanntal Höskuldsstaðasókn 1938

⁷ Ættir A- Húnvetninga bls. 228

⁸ Húnavaka 1972 bls.148

Blómsturvellir, Glasgow,⁽¹⁹⁰¹⁾ Stiesensbær, Dísibær, Utanverðunes.

Byggingarár: 1900 [mv. ábúendur]

Staðsetning: á Hólanesi, nálægt þar sem Miðnes stendur nú. [ágiskun- norðaustan við Árnes]

Lýsing 1916: Torfbær með þilstafni, Alþiljað, eldavélarhús og geymsla, bæjardyr og kindakofi. Lóðin 750m² að stærð slétt tún og girt, en harðlent, liggur á mel, hentugri byggingarlóð en til túnræktunar. Lóðargjald kr. 16,85 og leigt til 80 ára.¹

Ábúendur: 1901-1920 Jósef Stiesen k. Margrét Finnsdóttir^{2,3}

Ábúendur: 1920- 1922 Jakob Guðmundsson, húsk. Þórdís Stiesen⁴

¹ Fasteignamat 1916 bls. 280 nr. 313

² Manntal1901

³ Sóknarmanntal Höskuldsstaðasókn 1908

⁴ Sóknarmanntal Höskuldsstaðasókn 1920

Breiðablik, Mælifell

Byggingarár: 1939 byggt af Eiríki Guðlaugssyni og þá nefnt Mælifell¹



Staðsetning: á nesinu fyrir neðan Hnappstaðatúnið. Sunnan við Bjarg.

Lýsing 1943: Tvær hæðir útveggir tvöfaldir með tróði. Neðri hæð skiptist í 3 herbergi, eldhús, þvottahús og geymslu. Efri hæð útbyggð forstofa og 4 herb. milliveggir úr steini utan 1 úr timbri. Steingólf á neðri hæð, timbur uppi. Þak borðasúð, pappi og bárujárn.²

Ábúendur: 1944-1965 Páll Jónsson, skólastjóri, k. Sigríður Guðnadóttir³

¹ Brunabótamat 1943 bls. 77

² Brunabótamat 1943 bls. 77

³ Húnavaka 1980 bls. 189



Brimnes

Byggingarár: 1935 , Fritz H. Berndsen, smiður byggir aðstoðarsmiður, Óskar Þorleifsson¹

Staðsetning: Húsið stendur við Hólanesveg mótí Höfða og milli Straumness og Sólbakka.



Lýsing 1939: Járnlætt timburhús með kjallara²

Ábúendur: 1938-

Guðrún Sigurðardóttir, Knútur V. Berndsen fóstursonur³

¹ Munnmæli Knútur V. Berndsen

² Manntal 1939

³ Sóknarmanntal Höskuldsstaðasóknar 1938-1940



Garðhús (Konnabær)

Byggingarár: 1924 ¹ 1930 byggt af Konráð Klemenssyni²

Staðsetning: Sunnan við Grund í fjörukambinum.

Lýsing 1932 : Húsið er steinhús með pappalögðu járnþaki. Ein hæð með 1 m. porthæðar lofti. Gólf og loft úr timbri. Neðri hæð skipt með timburþili í íbúðarstofu og eldavélarhús með affiljuðum uppgangi á lofthæð sem er skipt í tvennt. Neðri hæð þiljuð.³

Ábúendur: 1930- 1981	Konráð Klemensson og kona hans Ólína Margrét Sigurðardóttir (Ólína lést 1962,) ⁴
Ábúendur: 1934-1935	Björg Jónasdóttir, húskona. ⁵
Ábúendur: 1938-	Valdís Ingunn Júlíusdóttir, lausak. ásamt 2 sonum ⁶
Ábúendur : 1940-	Ágúst Jakobsson k. Guðný Hjartardóttir ⁷

Annað: Allstaðar þar sem Konráð bjó, þá bjó hann við sjó sem lá vel við útræði. Hann var mikill netagerðarmaður. Ein var sú iðja Konráðs í þágu náungans að taka grafir handa hinum framliðnu. Var hann grafari til fjölda ára og tók lengst á tíðum lítið eða ekkert gjald fyrir. Konráð var söngelskur og unni hljómlist mjög, spilaði á harmonikku á samkomum og voru þau hjón félagslynd og dönsuðu vel og af hjartans lyst.⁸

¹ Manntal 1939

² Húnavaka 1982 bls. 184

³ Brunabótamat 1932 bls. 34

⁴ Sóknarmanntal Höskuldst. prestak. 1930-1940, Ættir A- Húnvetninga bls. 273

⁵ Sóknarmanntal Höskuldst. prestak. 1934-1935

⁶ Sóknarmanntal Höskuldst. prestak. 1938-1940

⁷ Húnavaka 1982 bls. 183

⁸ Húnavaka 1982 bls. 184

Garðshorn

Byggingarár: ca. 1925¹ byggt af Benedikt Benediktssyni frá Svangrund.²

Staðsetning: [Skammt frá Garðhúsum ?]

Lýsing 1932 : Torfbær með þilstafni, þiljaður innan, timburgólf. Við hlið hússins torfkofi uppreftur.³

Bærinn var rifinn í maí 1933⁴

Ábúendur: 1926- 1930	Benedikt Benediktsson
Ábúendur: 1927-1928	Guðmundur Jónsson, k. Jakobína Ólafsdóttir
Ábúendur : 1928-1929	Jakobína Ólafsdóttir húskona
Ábúendur: 1929-1930	Konráð Klemensson, k. Ólína Margrét Sigurðardóttir
Ábúendur: 1930-1931	Jóhann Björnsson búandi. ⁵

¹ Sóknarmannatal Höskuldst.pr. 1926

² Brunabótamat 1932 bls. 32

³ Brunabótamat 1932 bls.32

⁴ Brunabótamat 1932 bls.32

⁵ Sóknarmannatal Höskuldst.pr. 1926-1931

Grund

Byggingarár: 1920, bílskúr 1992¹

Staðsetning: Stendur við fjöruna sunnan Hólanessvæðis.

Lýsing 1932: Torfbær með timburstafni skipt í 2 hluta, íbúð þiljuð með trégólfi, eldavélarhús óþiljað með torfgólfi. Áfast við bæinn fjárhúskofi með heystæði, uppreftur, einnig fjóskofi úr torfi, fordyri úr torfi og timbri.²

Lýsing 1942: Viðbygging, byggt af Guðjóni Ingólfssyni steinhús 1 hæð með skúrrisi, klætt með vikurplötum, gólf úr timbri, þak úr bárujárni torfstoppað. Í húsinu 1 stofa og gangur með steinvegg á milli. Áfast við nýja bæinn er gamli bærinn, gamla fjósið og fjárhús endurbyggt.³



Ábúendur: 1924-1929

Jón Benjamínsson, k. Ólöf Jónsdóttir

Ábúendur: 1929-

Ólöf Jónsdóttir og sonur hennar Guðjón Ingólfsson⁴

Guðjón Ingólfsson k. 1942 Aðalheiður Frímansdóttir⁵

¹ Fasteignaskrá Sveitarfélagsins Skagastrandar

² Brunabótamat 1932 bls. 33

³ Brunabótamat 1942 bls. 66

⁴ Sóknarmannatal Höskuldst.pr. 1924-1938

⁵ Bændur og búendur, Ættir A- Húnvetninga bls. 282

Haugasund.

Byggingarár: 1919-1924¹

[ólíklegt að þessi ártöl séu rétt, m.v. að ekki eru ábúendur í húsinu samkvæmt sóknarmantali fyrr en 1933]

Staðsetning: við fjöruna í nágrenni Grundar, Garðhúsa, Óseyri ?

Lýsing 1933: Torfbær með timburstafni 1 hæð, 2 herb. borðstofa og eldavélarhús þiljað.

Áfast húsi torfkofi uppreftur (geymsla)²

Lýsing 1939: Torfbær m/ timburstafni 1 hæð án V, R, WC [án vatns, rafmagns og vatnssalernis]³

Ábúendur: 1933-

Júlíus Józefsson, k. Sigurlaug Jóhannesdóttir bústýra

Ábúendur: 1937-1938

Haraldur Guðlaugsson verkam, Margrét Jóhannesd. ekkja⁴

¹ Manttal 1939

² Brunabótamat 1933 bls. 42

³ Manttal 1939

⁴ Sóknarmanttal Höskuldst.pr. 1933-1940



Hnappstaðir

Byggingarár: 1921¹[ártal
stenst ekki, búið í húsinu fyrr]
1911²

Staðsetning: þar sem nú er
útivistarsvæði á
Hnappstaðatúni

Lýsing 1916: Torfbær 5 ára með þilstafni alþiljað með skarsúð. Hinn hlutinn þiljaður að nokkru, með steiptum reykháf og gólfi. Ennfr. fordyri, geymsluhús og fjárhús. Lóðin 600m² að stærð, girt og ræktuð að mestu.³

Lýsing 1932: Torfbær með timburstafni og hlið, Húsi skipt í tvennt með þilvegg og litla inngangskompu. Gólf úr timbri. Við timburhlið hússins er útbygging úr timbri með torfvegg á einn veg og torfbaki, skipt í 2 hluta. Fjárhús með heyhlöðu úr torfi uppreft.⁴

Ábúendur: 1913-	Óskar Bergson Laufdal, m.h. Bergljót Gísladóttir, húsk. d.1934 ⁵ , Þorsteinn Björnsson (1913-1919)
Ábúendur: 1924-	B.1 Óskar Bergson Laufdal.samb.k. Helga V. Sigurðardóttir
Ábúendur: 1924-1925	B.2 Ögmundur Björnsson, k. Guðrún Jónasdóttir
Ábúendur : 1936	Skarphéðinn Sigurðsson, lausamaður
Ábúendur: 1937-	B.2 Guðlaugur Guðlaugsson,k. Arnbjörg Þorsteinsdóttir

¹ Manntal 1939

² Fasteignamatsskrá 1916

³ Fasteignamatsskrá 1916

⁴ Brunabótamat 1932 bls. 25

⁵ Sóknamanntal Höskuldst.pr. 1913 og Ættir A- Húnvetn. Bls.294



Hólaneshús – Steinhús- Karlshús - Thorsteinssonshús

Byggingarár: 1927-1929¹ 1930² af Carli Berndsen³

Staðsetning: Fyrir sunnan Bláland.

Lýsing 1933: 3 hæðir, steinsteyppt fordyri 2 hæða.

Kjallari skipt. m. þvervegg, austurhluta

skipt í 2 herb. Vestur hl. 2 herb. m. gangi á milli. Steinsteyppt loft og gólf.

Á þessari hæð er verslunin. 2 h. 4 herb. og gangur, þiljað og einangrað með pappa, timburloft. Efsta h. 4 herb.og gangur allt veggfóðrað og málað. Þak pappalagt og járnklætt.



B. Fisktökuhús og pakkhús steyppt, steingólf, timburloft járnklætt 0,8 m þakhæð. Neðri hæð Skipt um þvert m. steinvegg. Timburskúr við hlið fiskhúss járnþak.⁴

Ábúendur: 1930-1931

Ernst Berndsen, k. Guðrún Laufey Helgadóttir

Ábúendur: 1931-1933

Björn Árnason, k. Guðrún Sigurðard. (Björn 1931-32)

Ábúendur: 1932-1933

Ólafur Björnsson, verslunarmaður

Ábúendur: 1934-1935

Karl Theodór Hall, Karla Jakobsdóttir Hall.

Ábúendur 1935-1937

Hólmfríður Kristjánsdóttir

Ábúendur 1935-1938

Snorri Laxdal Karlsson, ráðsmaður

Ábúendur 1938-

Sigurður Sölvason⁵

Annað: Í kjallara var rekin verslun um 1930 og eins var við húsið fisktökuhús, og pakkhús.

Húsið var fyrst í eigu Carls Berndsen sem byggði það, Einar Thorsteinsson á Blönduósi kaupir svo af Carli og næsti eigandi mun hafa verið Guðmundur Kolka^{6,7}

¹ Manntal 1939

² Fasteignaskrá Íslands

³ Munnmæli Helga Berndsen

⁴ Brunabótamat 1933 bls. 29

⁵ Sóknarmanntal Höskuldst.pr. 1922-1938

⁶ Brunabótamat 1942 bls. 71

Hólanes höndlun, Verslunarhúsin Hólanesi

Byggingarár: ca 1835¹ en brunnu 1883, húsin brunnu á tveimur klukkustundum og tókst ekki að bjarga öðru en sængurfatnaði íbúanna. Slíkur var eldurinn að varla sáust merki þess að þar hefðu staðið byggingar.²

Byggt af: Verslun Hildebrant og Bergmann.

Byggingarár: 1885 brunnu 1892³

Byggt af: Verslun Munch og Bryde.

[Byggingarár: 1893

Byggt af: Carli Berndsen]

Staðsetning: á Hólanesi

[Ekki fundust haldbærar upplýsingar um hversu mikill bruninn var 1892 og hvernig var staðið að uppbyggingu,] en Fritz H. Berndsen keypti Hólanesverslunina af Munck og Bryde 1888⁴. [Carl Berndsen sonur hans tók þá fljótlega við rekstrinum og sá þar með um uppbyggingu]

Lýsing 1913: Virðing til húsaskatts: Steinsteypupakkhús Carls Berndsen. Hús þetta er 11 $\frac{3}{4}$ metrar á lengd breidd 5,65 metrar hæð undir bita 2 m. – og porthæð 70.cm Steinsteypur útveggir eru 21 cm á þykkt. Þversteinsteypuveggur er í húsinu 17 cm á þykkt og nær að lofti. Loft úr gólfborðum er í öllu húsinu yfir 7 þverbitum og 5 langbitum á austurparti, á þvervegg settir. 12 sperrur eru á húsinu þak úr heilum borðum, flestum nýjum og sandpappi yst. Á gólfhæð eru 3 gluggar á suðurhlíð og tvær útidyr til vesturs. Á lofti eru 2 stofugluggar.⁵



Verslunarhúsin sem reist voru 1885.

Lýsing1916: Hólanes, verslunarlóð. Húseigandi og notandi Carl Berndsen kaupmaður.

- Íbúðarhús og sölubúð,** 12 x 20 ál. úr timbri með pappklæddu þaki. Staf hæð 5 $\frac{1}{2}$ ál. 1 ál. port. Hæð af lofti í mæni 5 $\frac{1}{2}$ ál. Ein 8 herb. íbúð, auk sölubúðar og geymslu upp og niðri. Hlaðinn kjallari undir hálfu húsinu. Húsið er kalt og gamalt, en þurrt. Enginn baðklefi, salerni né vatnsleiðsla.
- Skúr áfastur, og timburhús** pappklætt 7,9 ál.með lofti portlausu, gömul hús og gölluð.
- Korngeymsluhús.** 5,8 ál. úr timbri, með járnþaki og skúr 6,8 ál. eins gerðum.
- Fiskgeymsluhús og salthús** 7 x 12 ál. úr timbri, með járnþaki.



Litla -Felli stóð áður á Hólanesi., flutt 1920.

¹ Byggðin undir Borginni bls. 82

² Endurminningar F.H. Berndsen

³ Byggðin undir Borginni bls. 83

⁴ Endurminningar F.H. Berndsen

⁵ Virðing til húsaskatts 24. des 1913

- e) **Steinsteypuhús** 10 x 18 ál. með 1 al porti og lofti, timbursúð pappaklædd, gólfið steipt.
- f) **Gripahús** 6,30 ál. með timburstafni og tveim skilrúmum. Torfveggir, torfpak. Notað sem hesthús, fjós, og heyhlaða.- Gallað.
- g) **Eldhús, salerni, ísgeymsluhús, brunnur með dælu.**¹

Ábúendur:	1840	Jacob Holm factor, k. Karen Holm
Ábúendur:	1850	Adolph Petersen versl.fulltr. Margrét Þorlákssd. bústýra
Ábúendur:	1855	Jens A. Knudsen, k. Dorothea F. Knudsen
Ábúendur:	1860	Jens A. Knudsen, Soffía Magnúsdóttir, bústýra, F.H. Berndsen, tunnusmiður, Tómas I. Thomsen, verslunarþjónn.
Ábúendur:	1870	Thomas Thomsen, fulltrúi, Anna móðir hans, Alvilda og Lucinda systur hans.
Ábúendur:	1880	Jens Friðrik Hillebrandt, verslunarstjóri, Vilhelmina K. Orum bústýra. Pétur Bjarnason, Jón Gíslason, Hans Fr. Hólm, verslunarþjónn.
Ábúendur:	1890	Jósef Stiesen, k. Margrét Finnsdóttir. Fritz H. Berndsen, kaupm. Páll Finnson, k. Sigríður Gísladóttir, bústýra, húsfolk. ²
Ábúendur:	1901	Carl Berndsen, k. Steinunn Berndsen, Fritz H. Berndsen, fv. kaupm. k. Jónína Berndsen. [Hús þeirra talið með Hólaneshúsum] Auk þess eru sex sjómenn skráðir til heimilis að Hólanes höndlunarhúsunum sem aðkomumenn: Jóhann Friðrik Sakkeusson, Guðmundur Guðmundsson, Sigurbjörn Björnsson, Sigurjón Benediktsson, Baldvin Jónsson, Hjálmur Hjálmsson og Ásgeir Klemensson, hjú, utanbúðarmaður (fjarverandi á sjó) ³
Ábúendur:	1907-1919	Carl Berndsen, k. Steinunn Berndsen
Ábúendur:	1912-1914	Björn Björnsson, ráðsk. Sigríður Gísladóttir
Ábúendur:	1914-1915	Jón Jónsson, k. Teitný Jóhannesd.
Ábúendur:	1922-1927	Carl Berndsen kaupmaður, k. Steinunn Berndsen
Ábúendur:	1923-1925	Tómás Guðmundsson, k. Ósk Bjarndóttir.
Ábúendur:	1927-1928	Sigurður Sölvason, k. Ragnheiður Árnadóttir
Ábúendur:	1928-1930	Björn Þorleifsson, k. Vilhelmina Andrésdóttir
Ábúendur:	1929-1930	Stefán Jónsson, k. Kristjana Júlíusdóttir
Ábúendur:	1930	Björn Árnason, k. Guðrún Sigurðard. ⁴

Annað: Verslun Berndsen á Hólanesi hætti starfsemi árið 1916, en Einar Thorsteinsson kaupmaður á Blönduósi hafði útibú á Hólanesi á fjórða áratugnum.⁵

¹ Fasteignamanntal 1916. Bls 279 nr. 311

² Manntal 1840-1890

³ Manntal 1901

⁴ Sóknarmanntal Höskuldst.pr. 1907—1931

⁵ Byggðin undir Borginni bls. 123

Miðnes – Sigurðarhús- Hólanes

Byggingarár: 1922¹ 1924 og viðbygging 1949²

[m.v. sóknarmanntöl byggt 1921-1922]

Byggt af Sigurði Jónssyni,

Staðsetning: Vestan við Bláland, við Hólanesveg.



Lýsing 1932: Hús úr steinsteypu, pappalagt þak og torfklætt, 2 hæðir. Neðri hæð skipt með steinvegg eftir lengd hússins. Suðurhluta er skipt í eldhús, krambúð og gang. Loft úr timbri í krambúð og eldhúsi, steingólf. Efri hæð skipt í 4 herb. 3 veggfóðruð. Við austurstafn húss, geymsluskúr, steinn á 2 vegu timbur á einn. Þak með borðasúð járnklætt, gólf að hluta steipt annars möl. Með hlið þessara húsa er steinhús járnklætt notað sem hlaða, fjárhús, fjós og hesthús.

Miðnes er byggt á lóð þar sem Blómsturvellir,[Glasgow, Stiesenbær, Utanverðunes, Dísubær] stóð áður³

Ábúendur: 1921- Sigurður Jónsson, kaupmaður og hreppstjóri,k. Sigríður G. Kristmundsdóttir⁴

Annað: Í Miðnesi var rekin verslun Sigurðar Jónssonar og bókabúð Björgvins Brynjólfssonar.

¹ Manntal 1939

² Fasteignaskrá Höfðahrepps

³ Minningar og Lífsýn, endurminningar Björgvins Brynjólfssonar. Bls.158

⁴ Sóknarmanntal Höskuldst.pr. 1921-1940

Pálsbær

Byggingarár: um 1900

Staðsetning: [óljóst, en trúlega nálægt því sem Bláland er í dag]

Lýsing: Á Hólanesi stóð Pálsbær, sem var þurrabúð Lárusar Guðjónssonar¹

Ábúendur: 1901

Lárus Guðjónsson, k. Sigríður Vigfúsdóttir.²

¹ Byggðing undir Borginni bls. 153

² Manntal 1901

Sólbakki – Frúarhús

Byggingarár: 1935¹

Byggt af Fritz H. Magnússyni
aðstoðarsmiður Óskar
Þorleifsson²

Staðsetning: Norðan við
Brimnes.



Lýsing 1937: Timburhús á
steinsteiptum grunni 4 herb. þiljuð. Áfast húsinu er lítill timburskúr á grjótgrunni.³

Lýsing 1939: Timburhús byggt 1935, án vatns, rafmangs og salernis.⁴

Ábúendur: 1936- Margrét Sigurðardóttir, prófastekkjja ásamt dóttur sinni
Elínu Rannveigu Jónsdóttur.⁵

Annað: Húsið er nefnt Frúarhús í manntali 1936.

Lóðarsamningur gerður við Fröken Elínu Jónsdóttur, úr landi Höfðahóla, ódagsett.⁶

¹ Fasteignaská Skagastrandar

² Munnmæli Knútur Berndsen.

³ Brunabótamat 1937 bls. 52

⁴ Manntal 1939

⁵ Sóknarmanntal Höskuldst.pr. 1936-1940

⁶ Fasteignaskrá Skagastrandar



Sólvellir

Byggingarár: [1940-1944]

Byggt af Árna Björnssyni og Sigurði Magnússyni¹

Staðsetning: Sunnan við „Tunnuna“ austan við Grund.

Lýsing 1945: Eig. Árni Björnsson og Sigurður Magnússon er byggðu húsið. Húsið er úr asbesti á timburgrind torfstoppað, þiljað með trétexi nema eldhúsin með asbesti. Ein hæð m risi, 2 eldhús, 2 stofur og forstofa. Steyptur grunnur en timburgólf. Miðstöð frá eldavél. Stærð L 8 B 5 H 2,5 m.²

¹ Brunabótamat 1945 bls. 85

² Brunabótamat 1945 bls. 85